



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu leikskólastjóra í Stakkaborg

Starf leikskólastjóra í Stakkaborg var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 1. desember 2018 í samræmi við 2. gr. í fylgiskjali 4, um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar í kjarasamningi LN og KÍ vegna FSL. Umsóknarfrestur var til og með 17. desember 2018.

Í auglýsingu var meginhlutverki leikskólastjóra í Stakkaborg lýst þannig:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Óskað var eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í leikskólanum með umsókninni.

Fjórir sóttu um leikskólastjórastöðuna. Umsækjendur voru Jónína Einarsdóttir, Nanna Guðrún Hjaltalín, María Petrína Berg og Valdís Edda Hreinsdóttir. Jónína, María Petrína og Valdís Edda uppfylltu menntunar- og hæfniskröfur og voru boðaðar í viðtal.

Niðurstaða:

Þann 21. janúar 2019 gerði skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála mannauðsstjóra og sviðsstjóra grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymis. Við mat á umsókn og ráðningarviðtali var niðurstaðan að Jónína Einarsdóttir væri hæfust til að gegna stöðu leikskólastjóra í Stakkaborg.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Jónínu Einarsdóttur leikskólastjóra við leikskólann Stakkaborg frá 1. mars 2019.

Jónína lauk B.Ed. prófi í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2001. Hún fékk leyfisbréf leikskólakennara 2015 og lauk M.Ed. prófi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands 2016. Jónína hefur starfað í leikskóla í sjö ár, fyrst sem deildarstjóri og síðan sem aðstoðarleikskólastjóri frá 2016. Áður starfaði hún sem umsjónarkennari í 1. og 2. bekk í þrjú ár og sem myndmenntakennari í grunnskóla í 8 ár. Hún hefur því öðlast góða reynslu sem stjórnandi í leikskóla og hæfni hennar og reynsla af stjórnun er staðfest af umsagnaraðilum.